



**ÁLIT NR. 06/2008**

**FLUGÖRYGGISMÁLASTOFNUNAR EVRÓPU**

frá 10. október 2008

um reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003 frá 24. september 2003 um framkvæmdarreglur lofthæfis- og umhverfisvottunar loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, íhluta og búnaðar, svo og vottunar hönnunar og framleiðslufyrirtækja

OG

um breytingar á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003 frá 20. nóvember 2003 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, íhluta og búnaðar, svo og samþykki samtaka og starfsmanna í tengslum við þessi verkefni

*Löggilt afhendingarvottorð EASA eyðublað 1*

## I. Almennt

1. Tilgangur þessa álits er að leggja til við framkvæmdastjórnina að breyta:
  - Viðauka hluta-21 við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003<sup>1</sup> (hér eftir hluti-21) og sérstaklega viðbæti 1 við hann, EASA eyðublað 1 löggilt afhendingarvottorð;
  - Viðauka hluta-21 við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003<sup>2</sup> (hér eftir hluti-21) og sérstaklega viðbæti 1 við hann, EASA eyðublað 1 löggilt afhendingarvottorð;
  - Viðauka hluta-21 við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003 (hér eftir hluti-21) og sérstaklega viðbæti 1 við hann, EASA eyðublað 1 löggilt afhendingarvottorð;
2. Álitið hefur verið samþykkt, í samræmi við verklag skilgreint af stjórn Flugöryggismálastofnunar Evrópu<sup>3</sup> í samræmi við ákvæði 19. greinar reglugerðar (EB) nr. 216/2008<sup>4</sup> (hér eftir vísað til sem grunnreglugerðarinnar).

## II. Samráð

3. Auglýsing um áformaða breytingu (NPA) 2007-13<sup>5</sup> sem innihélt drög að áliti um breytingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar á hluta-21, hluta-M og hluta-145 var birt á vefsíðu Stofnunarinnar 12. september 2007.
4. Á skilafresti, 12. desember 2007, hafði Stofnuninni borist í hendur 171 athugasemd frá 25 innlendum stjórnvöldum, fagfélögum og einkafyrirtækjum.
5. Stofnunin hefur kynnt sér allar athugasemdirnar og felld þær inn í Skjal um svör við athugasemdum, sem var birt á heimasíðu Stofnunarinnar 24. júlí 2008. Skjalið um svör við athugasemdum inniheldur lista yfir alla einstaklinga og/eða samtök sem hafa lagt fram athugasemdir og svör Stofnunarinnar.
6. 25. september 2008 hafði Stofnuninni borist fjórar svaranir við Skjali um svör við athugasemdum, frá tveimur álitsgjöfum.

Svörun tengd viðurkenndum aðferðum til að uppfylla kröfur og leiðbeiningarefni, sem ekki er efni þessa álits, verður fjallað um síðar í viðkomandi ákvörðun Stofnunarinnar um breytingu á slíkum skjölum. Svörun tengd efni þessa álits (fyrirhugaðar breytingar á framkvæmdarreglugerðum) er fjallað um hér á eftir.

Ein svörun leggur til að halda í núverandi útfyllingarleiðbeiningar fyrir hluta 4 „nafn og heimilisfang viðurkenndrar stofnunar“ á EASA eyðublaði 1. Nýju leiðbeiningarnar,

---

<sup>1</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003 frá 24. september 2003 um framkvæmdareglur fyrir lofthæfis- og umhverfisvottun loftfars og tilheyrandi framleiðsluvara, íhluta og búnaðar, svo og vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja (OJ L 243, 27.9.2003, bls. 6). OJ L 243, 27.9.2003, bls. 6. Reglugerð eins og henni var síðast breytt af reglugerð (EB) nr. 287/2008 frá 28. Mars 2008 (OJ L 87, 29.3.2008, bls. 3)

<sup>2</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003 frá 20. nóvember 2003 um varanlegt lofthæfi loftfars og framleiðsluvara, íhluta og búnaðar fyrir flug, og á viðurkenningu fyrirtækja og starfsfólks tengd þessum verkefnum (OJ L 315, 28.11.2003, bls. 1). Reglugerð eins og henni var síðast breytt af reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 376/2007 (OJ L 94, 4.4.2007, bls. 18).

<sup>3</sup> Ákvörðun stjórnar varðandi ferla sem Stofnunin skal notast við við útgáfu álita, vottorðaforskrifta og leiðbeiningarefnis (reglugerðarforskrift). EASA MB 08-2007, 13.06.2007.

<sup>4</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og leiðtoga ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur á sviði flugmála og stofnunar Flugmálastofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EEC, reglugerð (EB) nr. 1592/2002 og tilskipun 2003/36/EB (OJ L 79, 19.03.2008, bls. 1)

<sup>5</sup> Sjá reglugerðarskjalasafn á [http://www.easa.europa.eu/ws\\_prod/r/r\\_archives.php](http://www.easa.europa.eu/ws_prod/r/r_archives.php).

sem lagðar eru til í þessu álit, krefjast ekki lengur að bætt sé við öðru heimilisfangi þegar framleiðslustaður er ekki skráður á samþykkisvottorð hinnar viðurkenndu stofnunar. Þetta gæti til að mynda komið upp þegar íhlutir eru framleiddir af birgðasala. Stofnunin er ekki sammála tillögunni af eftirfarandi ástæðu, ítarlega hefur verið rætt um að fjarlægja seinna heimilisfangið í hópi fjögur á fundum uppkasthóps. Uppkastshópurinn komst að þeirri niðurstöðu að nafn og heimilisfang hinnar samþykktu stofnunar væri fullnægjandi til að bera kennsl á stofnun þá sem ábyrg er fyrir útgáfu EASA eyðublaðs 1 og rekjanleika íhluta og búnaðar. Stofnunin er samþykkt þessari niðurstöðu.

Önnur svörun leggur til breytingar á M.A.802 „Íhlutavottorð um afhendingu til notkunar“ til þess að minna á að EASA eyðublað 1 veitir ekki leyfi til uppsetningar. Stofnunin er ekki samþykk slíkum breytingum þar sem slíka skýringu má þegar finna á EASA eyðublað 1 í upplýsingum um eyðublað 1 undir liðnum „ábyrgð notanda/þess sem annast uppsetningu“.

Síðasta svörunin snýr að eyðingu hóps 9 „hæfni“ á EASA eyðublaði 1 og leggur hún til að bálknum verði haldið eins og hann er en hann verði þó merktur með „áskilinn“ til þess að takmarka áhrifin á því að þurfa að endurnúmera aðra bálka. Þetta atriði var rætt ítarlega á fundum uppkastshópsins og náðist breið samstaða meðal iðnaðarins og yfirvalda um heim allan um að eyða bálki 9. Búist var við að varðveisla á bálki 9 myndi valda tvíræðni milli núverandi og hinnar nýju útgáfu af EASA eyðublaði 1 sem myndu líta svipað út, en hafa mismunandi fyrirmæli um útfyllingu. Engar alvarlegar athugasemdir bárust varðandi þetta atriði í áfanganum um NPA samráð við almenning. Stofnunin er þeirrar skoðunar að eyða skuli bálki 9.

Frekari endurskoðun Stofnunarinnar leiddi í ljós minniháttar misræmi í texta milli hluta-21 viðauka 1, hluta-M viðauka II og hluta-145 viðauka I, sem hefur verið leiðrétt.

### III. Innihald álits Stofnunarinnar

7. Álit þetta miðar að því að breyta hinu löggilda afhendingarvottorði (hér eftir EASA eyðublað 1) og fyrirmælum um útfyllingu á hluta 21, hluta M og hluta 145. Innihald þessara breytinga er útskýrt hér að neðan.
8. Innihald og útlit ýmissa löggilda afhendingarvottorða (t.d. EASA eyðublað 1, eyðublað 8130-3 flugmálastjórnar Bandaríkjanna, eyðublað 24-0078 samgönguyfirvalda Kanada, hið brasilíska eyðublað SEGV00 003) hafa verið samræmd. Hins vegar, sökum þess að fyrirmæli um útfyllingu þessara eyðublaða voru aldrei samræmd, leiddi það af sér mismun í túlkun ákveðinna upplýsinga, sem færðar voru inn á eyðublöðin, sem á móti skapaði erfiðleika við viðurkenningu á þessum eyðublöðum.
9. Ýmis vandamál og spurningar tengdar þessum löggildu afhendingareyðublöðum hafa komið upp síðan síðasta endurskoðun fór fram. Af þeim sökum hafa EASA, FAA, Samgönguyfirvöld í Kanada og ýmis önnur flugmálayfirvöld endurskoðað hið löggilda afhendingarvottorð, notkun þess og leiðbeiningar tengdar því. Atriði sem tekin voru til sérstakrar skoðunar voru:
  - Skýr munur á milli EASA eyðublaðs 1 sem notað væri fyrir nýja íhluti (framleiðslu) og notaðra íhluti (viðhald);
  - Samræming á fyrirmælum um útfyllingu við önnur flugmálayfirvöld ásamt því að viðurkenna að ákveðin hugtök væru einungis notuð einhliða;
  - Notkun á rafrænu EASA eyðublaði 1;
  - Stjórn á afritum af EASA eyðublaði 1;

- Nauðsyn bálks 9 „hæfni“;
10. Þar sem EASA stefnir á mikla samræmingu milli þessara yfirvalda og viðurkenningu EASA löggilda afhendingarvottorðsins á heimsvísu, kom EASA á fót uppkastshóp. Uppkastshópurinn starfaði saman með hinum Hnattræna framleiðsluvettvangi (e. Global Manufacturing Initiative (GMI)) þar sem fulltrúar frá flugmálayfirvöldum og iðnaði utan Evrópu tóku þátt. Þetta samstarf leiddi af sér tillögu um almennara innihald eyðublaðsins, útlit, fyrirmæli um útfyllingu og viðmið um viðurkenningu á valfrjálsri notkun á rafrænum löggildum afhendingarvottorðum. Þetta var notað sem grunnur fyrir bæði EASA NPA 2007-13 og FAA uppkaststilskipun 8130.21. Búast má við að önnur flugmálayfirvöld muni einnig nýta sér þennan grunn þegar þau breyta sínum reglum. Samráð EASA NPA við almenning og innanhússamráð vegna FAA tilskipunarinnar leiddi af sér athugasemdir sem uppkastshópur EASA og FAA fóru yfir. EASA eyðublað 1 sem þetta leiddi af sér og fyrirmælin um útfyllingu í CRD 2007-13 endurspeglar þar af leiðandi mikla samræmingu sem uppfyllir tilgang þessara aðgerða.
  11. Til að tryggja snurðulausa innleiðingu á breytingartillögum í þessu álitu að þá leggur Stofnunin til aðlögunartímabil í eitt ár frá gildistöku viðeigandi breytinga á framkvæmdarreglugerðunum. Á meðan aðlögunartímabilinu stendur má bæði notast við núverandi EASA eyðublað 1 og hið nýja. EASA eyðublað 1 sem útgefið er eftir þetta tímabil skal útgefið í samræmi við hinar nýju reglur. Báðar útgáfur af EASA eyðublaði 1 útgefnar fyrir lok aðlögunartímabilsins munu gilda með hliðsjón af hluta 21A.307, hluta M.A.501 og hluta 145.A.42 við uppsetningu á hlut/hlutum sem eyðublaðið nær yfir.
  12. Þetta álit tekur einungis til breytinga sem Stofnunin leggur til á viðeigandi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (hluta 21, hluta M og hluta 145). Hinar viðurkenndu aðferðir til að uppfylla kröfur og leiðbeiningarefni, sem voru útlistaðar í NPA 2007-13 og CRD, munu verða gefnar út af Stofnuninni um leið og breytingarnar hér að ofan við framkvæmdarreglugerðirnar hafa verið samþykktar af framkvæmdastjórninni. Fyrirnefndar viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfur og leiðbeiningaefnið álitur Stofnunin að sé jafnmikilvægt til að auka skilning á breytingartillögum.
  13. Viðauki I við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003, og sérstaklega viðbætur II, EASA eyðublað 1 í viðbótunum við hluta M er í samræmi við breytingar á útfyllingarfyrirmælunum sem lagðar eru til í álitu 02/2008.

#### IV. Fyrirliggjandi mat á reglugerðaráhrifum

##### 14. Tilgangur og fyrirhuguð áhrif

Tilgangur þessa álits er:

- Að kynna endurskoðað EASA eyðublað 1 og fyrirmæli um útfyllingu, sem eru skýrari en núverandi fyrirmæli, og sem er mjög til samræmis við hið löggilda afhendingarvottorð eins og því verður breytt af FAA. Búist er við að önnur flugmálayfirvöld muni kynna svipaðar breytingar á löggildum afhendingarvottorðum þeirra og muni þau þannig bæta samræmingu á heimsvísu.
- Að fjarlægja bálk 9 sem inniheldur hæfnisupplýsingar hluta sem afhentir eru með EASA eyðublaði 1. Það að fjarlægja þessar hæfnisupplýsingar af núverandi EASA eyðublaði 1 eyðir ósamræmi við hinar samþykktu upplýsingar um uppsetningu.
- Að fjarlægja ákveðið orðalag í útfyllingarfyrirmælum sem hindrar útfærslu á rafrænu EASA eyðublaði 1.

15. Stærð málsins og svið sem það nær til

EASA eyðublað 1 og jafngildandi löggild afhendingarvottorð eru notuð í flestum regluverkum fyrir afhendingu á loftfararíhlutum og búnaði. Þessi eyðublað eru notuð af þúsundum framleiðslu- og viðhaldsfyrirtækja um heim allan. Af þeim sökum hefur þetta áhrif á flugmálayfirvöld, framleiðslufyrirtæki og viðhaldsfyrirtæki.

16. Álit

Hin tilgreindu álit eiga annaðhvort að vera innan núverandi skilyrða og EASA eyðublaðs 1 eða færa sig nær aukinni samræmingu á heimsvísu með því að breyta EASA eyðublaði 1 eins og lagt er til.

17. Áhrif

Aukin samræming á hinum löggildu afhendingarvottorðum milli mismunandi regluverka er álitin til bóta til að auka sameiginlegan skilning á notkun og merkingu upplýsinganna sem hið löggilda afhendingarvottorð veitir. Samþykki breytingatillagnanna við EASA eyðublað 1, sem fylgir bættum fyrirmælum um útfyllingu til að auka skilning á eyðublaðinu, er álitid hafa talsverð jákvæð efnahagsleg áhrif með því að koma í veg fyrir ónauðsynlega höfnun eða hindranir á hlutum sem vottaðir eru í samræmi við lagarammann. Að auki er búist við að jákvæð áhrif á öryggi muni nást fram með því að minnka möguleika á tvíræðum eða stríðandi upplýsingum. Rafræn skipti á gögnum EASA eyðublaðs 1 munu einnig hafa í för með sér jákvæð efnahagsleg áhrif vegna lækkunar á afgangslukostnaði og tíma við stjórnarsýslu.

Köln, 10. október 2008

P. GOUDOU  
Framkvæmdastjóri